

Erla Elísdóttir og Leifur Tómasson

Afhending 2019/76

Erla Elísdóttir fæddist þann 24. maí 1932 á Gimli í Reyðarfirði. Erla menntaði sig sem hjúkrunarkona og starfaði sem slík í nokkur ár, en var lengst af húsmóðir á Akureyri.

Leifur Tómasson fæddist þann 5. mars 1932 á Akureyri. Leifur lauk gagnfræðaprófi á Akureyri 1949 og stundaði nám í Danmörku veturinn eftir. Hann lauk íþróttakennara prófi á Laugarvatni árið 1952 og hélt síðan aftur erlendis í nám, í þetta sinn í London þar sem hann nam verslunarfræði. Leifur var afreksíþróttamaður og fékk ýmis verðlaun, meðal annars fyrir spretthlaup. Árið 1957 lenti hann í slysi sem batt endi á íþróttamannsferil hans en hann tók þrátt fyrir það þátt í íþróttastarfi þó að hann hafi hætt keppnum. Leifur sat einnig í stjórn Varðar, félags ungra Sjálfstæðismanna á Akureyri og gegndi formannsstarfi í nokkur ár. Faðir Leifs, Tómas Steingrímsson, stofnaði Heildverslun Tómasar Steingrímssonar árið 1936 og Leifur átti og rak heildverslunina eftir fráfall föður síns.

Árið 1973 stakk Leifur upp á þeirri hugmynd við nokkra aðra skíðamenn á Akureyri að halda skíðamót fyrir börn á aldrinum 7 – 12 ára. Fyrsta slíka mótið var haldið árið 1976 og fékk heitið Andrésar Andar leikarnir. Mótið hefur verið haldið árlega síðan þá fyrir utan 2003 vegna snjóleysis.

23. september 1955 giftust Erla og Leifur. Þau bjuggu alla sína hjúskapartíð á Akureyri og eignuðust 5 börn.

Afhendingin barst frá Þóru Leifsdóttur. Aðrar afhendingar frá sama skjalamyndara eru 2019/27, en einnig til eru ýmis gögn tengd Andrésar Andar leikunum frá öðrum skjalamyndurum.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

20. desember 2019

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir
Skjalavörður

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
Erla Elísdóttir og Leifur Tómasson			2019 / 76
A-Erla Elísdóttir og Leifur Tómasson			
A-Erla Elísdóttir og Leifur Tómasson			1985 - 2011
2019 - A / 1	1	- Bolir (T-bolir), merktir leikunum, sá elsti frá 1993.	Flestir eru óársettir en þeir eru í þeirri röð sem þeir voru við afhendingu
2019 - A / 2	1	- Bolir (T-bolir), merktir leikunum.	Ekki allir ársettir en þeir eru í þeirri röð sem þeir voru við afhendingu. Bolir 2000-2004 eru ársettir
2019 - A / 3	1	2005- 2011 Bolir (T-bolir), merktir leikunum.	
2019 - A / 4	1	1985- 1985 Ullarpeysa með merki leikanna.	10 ára afmæli leikanna
2019 - A / 5	1	1985- 2000 Mappa með merki leikanna 1985; armbandsúr frá Nanoq; armbandsúr með merki leikanna árið 2000 (25 ára)	Nanoq úrið fengu allir keppendur á 25 ára afmæli leikanna árið 2000, en hitt fengu stjórnarmenn, starfsfólk og einn liðstjóri hvers keppnisliðs að gjöf við sama tækifæri